

Amtmaður og Íslands fátæklingar. Samfélagssýn í skjalasöfnum

Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771 og síðari 1785–1787

Hrefna Róbertsdóttir

Í Þjóðskjalasafni Íslands eru varðveitt skjalasöfn hinna svokölluðu Landsnefnda á 18. öld. Hin fyrri starfaði á árunum 1770–1771. Hin síðari var sett á laggirnar árið 1785 og starfaði í tvö ár, en var ekki formlega lögð niður fyrr en 1794. Landsnefndirnar tvær höfðu svipað hlutverk og fékk sú fyrri ítarlegt erindisbréf. Hinni síðari var falið að halda áfram með ýmis mál sem ekki höfðu verið til lykta leidd af hinni fyrri, að viðbættum fleiri málum.¹ Skjalasöfn þessi eru mjög umfangsmikil, um 9000 handritaðar síður og spanna afar fjölbreytt efni um samfélag, viðhorf og áætlanir um aðgerðir á síðasta þriðjungi 18. aldar.² Landnefndin fyrri safnaði bréfum og greinargerðum frá Íslendingum um allt á milli himins og jarðar á meðan sú síðari starfaði meira að ákveðnum málaflokkum og er stórt safn til af fundargerðum og álitsgerðum frá henni.³ Segja má að hér hafi starfað rannsóknarnefndir í aldarfjórðung og skjöl þeirra eru mikilvægur spegill á samfélagið á Íslandi á síðasta þriðjungi 18. aldar.

Skjalasafnið er að stórum hluta skrifað á dönsku, enda bréfin og greinargerðirnar ætlaðar embættismönnum og konungi í Danmörku. En þó eru mörg bréf frá almenningi á íslensku. Mörg þeirra eru þó einnig til í dönskum þýðingum og hafa líklega verið þýdd jafnóðum og þau bárust. Í Þjóðskjalasafni er verið að vinna að uppskriftum á skjölum Landsnefndarinnar fyrri með útgáfu að markmiði. Útgáfa á uppskriftum þeirra og ljósmyndum af frumskjölunum mun breyta aðgengi að þeim til muna. Gögnin eru náma fyrir alla þá sem hafa áhuga á 18. aldar samfélaginu á Íslandi og mikilvæg viðbót við skjöl úr stjórnslunni og aðrar heimildir eins og manntöl og búnaðarskýrslur sem til eru frá þeirri öld. Hér birtist hin persónulega hlið, upplifun og skoðanir landsmanna sjálfra, margra hverra sem að öðru jöfnu settu ekki skoðanir sínar á blað.

¹ *Lovsamling for Island. III. 1749–1772.* Samlet og udgivet af Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson (Kjöbenhavn 1854), bls. 639–640 (Commissorium til den islandske Landcommission. Christiansborg 20/3 1770); bls. 641–642 (Kongelig Resolution ang. den islandske Landcommission. Christiansborg 27/3 1770); bls. 665–677 (Instruction for den islandske Landcommission. Christiansborg 22/5 1770). – *Lovsamling for Island. V. 1784–1791.* Samlet og udgivet af Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson (Kjöbenhavn 1855), bls. 118–120 (Kongelig Resolution ang. Nedsættelse af en Commission om Islands almindelige Væsen. Christiansborg 2/2 1785); bls. 124–127 (Commissorium for Grev Schimmelmann m.fl. ang. Undersøgelse af Islands almindelige Væsen. Christiansborg 16/2 1785).

² Sjá almennt um starfsemi beggja Landsnefndanna: Lýður Björnsson, „18. öldin“. *Saga Íslands*. VIII. Ritstj. Sigurður Línal og Magnús Lyngdal Magnússon (Reykjavík 2006), bls. 178–183, 228–231.

³ Frumgögn Landsnefndanna eru varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands. Skjalasafn Landsnefndarinnar fyrri: *ÞÍ. Rtk. Skjöl Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771. D3/1–D3/8* (eldri skráningarnúmer eru Rtk. 18.1–18.8 og Ds. 222–227). Landsnefndin sendi stiftamtmani hluta af skjölum sínum í afriti og eru þau gögn varðveitt í skjalasafni stiftamtmanns: *ÞÍ. Stiftamt. III. 199–202.* – Skjalasafn Landsnefndarinnar síðari: *ÞÍ. Rtk. Skjöl Landsnefndarinnar síðari 1785–1794. D4/1–11* (eldri skráningarnúmer eru Ds. 572–579).

Nokkrir fræðimenn hafa nýtt sér gögn Landsnefndanna í skrifum um 18. öldina. Þau hafa til dæmis verið notuð sem heimildir um viðhorf til einstakra málefna, um ýmis þjóðfélagsmál og um samanburð milli hópa og landshluta. Ljóst er að það eru þó enn gríðarlega miklir ónýttir möguleikar í tengslum við landsnefndarskjölin og hvað þau geta sagt um samfélagið á Íslandi undir lok 18. aldar. Hér verður fyrst litið til dæma sem varpa ljósi á þessi skrif landsmanna frá mismunandi þjóðfélagshópum. Annars vegar er rýnt í skrif amtmannsins sem fékk beiðnir um að svara nefndinni um ákveðin málefni. Hins vegar verður gluggað í bréf frá fátækum íbúum landsins sem sendu lýsingar á aðstæðum sínum, en hvernig þau bréf eru tilkomin er þó erfitt að segja til um.

Amtmaður

Ólafur Stefánsson varð amtmaður árið 1766, þegar tengdafaðir hans Magnús Gíslason amtmaður féll frá. Hann var áður bókari Innrétinganna og varalögmaður, aðstoðarmaður amtmanns og átti síðar eftir að verða stiftamtmaður.⁴ Samhliða því sem Landsnefndin fyrri var skipuð árið 1770 til að gera rannsókn á högum Íslands, var ákveðið að stiftamtmaður hefði frá þeim tíma fasta búsetu á landinu og við það varð Ólafur amtmaður norðan og austan í stað þess að sinna öllu landinu.⁵

Ólafur fékk eins og aðrir embættismenn margar spurningar frá landsnefndarmönnum sem honum var ætlað að svara.⁶ Hann svaraði þeim skilmerkilega og skrifaði álitsgerð sem dagsett er 20. mars 1771.⁷ Hann sagði skoðun sína á högum landsins í fortíð, samtíð og framtíð. Jafnframt því sem áhugaverð sögusýn kemur fram um ókyrrð og bágborið ástand á miðöldum samanborið við hans eigin tíma, fjallar Ólafur um viðreisnarhugmyndir samtímamanna í ljósi reynslu sinnar og hvað hann telur að muni nýtast landinu til framtíðar.

Góð lög nefndi hann fyrst alls, bæði þörfina á heildarlöggjöf fyrir landið sem og fyrir nýja lögreglutilskipun, sem öllu fremur mætti nefna landsagatilskipun.⁸ Sú síðarnefnda ætti að innhalda

⁴ *Íslenskar aviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*. IV. Tínt hefir saman Páll Eggert Ólason (Reykjavík 1951), bls. 81–82 (Ólafur Stefánsson stiftamtmaður, 1731–1812).

⁵ *Lovsamling for Island*. III, bls. 654–658 (Forordning ang. den islandske Landcommission, Amts Inddelingen m.v. Christiansborg 15/5 1770); bls. 677–678 (Kongelig Resolution ang. Islandske Expeditioner, samt Stiftbefalingsmanden og Landcommissionen. Frederiksberg 22/5 1770).

⁶ Erindisbréf Landsnefndarinnar gerði ráð fyrir 14 tölusettum málefnum sem hún ætti að kanna á Íslandi, auk þess sem fleiri atriði voru gerð að umtalsefni. Auk þess hafa sérstök bréf nefndarinnar til Ólafs sem amtmanns verið birt, sjá: *Landsnefndin 1770–1771*. I. *Bréf frá nefndinni og álitsgerðir embættismanna*. Sögurit XXIX. Bergsteinn Jónsson sá um útg. (Reykjavík 1958), bls. 25–26, 28–32.

⁷ Jón Sigurðsson hefur nýlega gert grein fyrir skrifum Ólafs í heild til Landsnefndarinnar fyrri í riti um hugmyndir hans. Sjá: Jón Sigurðsson, *Mikilbæfur höfðingi. Ólafur Stefánsson Stephensen stiftamtmaður og hugmyndir hans* (Reykjavík 2011), bls. 62–68.

⁸ Á dönsku er talað um *politi-forordning* og byggir hugtakið á þýskri fyrirmynd, *Polizeiverordnung*. Sjá t.d.: Inger Dübeck, „Alt hvis Politien egentlig vedkommer...“. Forholdet mellem Danske Lov og den såkaldte politiordning“. *Med lov skal land bygges og andre retshistoriske afhandlinger*. Udg. Ditlev Tamm (U. st. 1989), bls. 227–236. Hugtakið hefur oft verið þýtt með lögreglutilskipun, en í raun er hugtakið heldur víðara og tekur til fleiri þátta en lögreglutilskipunar gera. Helgi Skúli Kjartansson hefur lagt til að notað verði hugtakið *landsagatilskipun*, til mótvægis við *búsgatilskipun* átjándu

nauðsynlegar reglur fyrir heimilin, skyldur foreldra og barna, réttindi húsbænda yfir þjónustufólki sínu og hlýðni þeirra við húsbændur, sem og laun vinnufólks og uppihald. Það þyrfti einnig skynsamlegar viðmiðunarreglur um framfærslu fátækra, reglur um letingja og hæfilegar refsingar fyrir þá sem ekki sinntu sínu og væru landinu til skaða. Auk alls þessa þyrfti að koma reglu á máldagabækur kirkna og eignabréf jarða, bæta menntun, minnka brennivínsinnflutning, efla jarðabætur og taka eyðijarðir í byggð. Hann vildi einnig efla fiskveiðar, taka upp sundíþrótt og skíðagöngu, efla Innréttingarnar, stöðva fjársýkina, taka upp saltvinnslu, bæta verslunarfyrirkomulag og koma upp vopnaburði nálægt höfnum landsins. Að lokum fjallaði hann um skatta og gjöld og hlutverk hjáleigumanna í fiskveiðum.⁹

Sýn Ólafs á hlutverk hjáleigumanna er áhugaverð með hliðsjón af því sem kom fram í bréfum frá fátæklingum landsins til Landsnefndarinnar fyrri. Hann er með skrifum sínum að fjalla um þá spurningu hvort sé æskilegra fyrir landið að hjáleigumenn rói á eigin bátum til veiða eða rói á bátum landeigenda. Hann er hér m.a. að bregðast við skrifum Guðmundar Runólfssonar sýslumanns sem taldi, einn embættismanna, að hjáleigumenn ættu að fá að róa á eigin bátum.¹⁰

Ólafur sá fyrir sér að búskaparkerfi landsins myndi fara afar illa út úr því ef hjáleigumönnum yrði leyft að róa á eigin bátum og þar með sleppa við þá kvöð að róa fyrir landeiganda eða gjalda mannlán ella. Hann rökstuddi mál sitt í 11 liðum. Hvorki biskupsstólar, umboðsmenn konungseigna, embættismenn, sýslumenn, prestar né almennir landeigendur hefðu efni á því að missa þær tekjur sem kæmu inn af vinnu hjáleigumanna. Ef því yrði breytt, myndi það leiða til skjótrar eyðileggingar jarða. Enginn jarðeigandi myndi láta hvarfla að sér að taka á sig að bera ábyrgð á jarðarafgjaldi ef hann gæti ekki nýtt vinnu hjáleigumanna, hvað þá að bera ábyrgð á greiðslu tíundar, gjaftolls, lögmannstolls, leigukúgilda og annarra afgjalda. Og Ólafur spyr í framhaldi af þessu hvort það geti virkilega verið réttmæt skoðun hjá sýslumanninum Guðmundi Runólfssyni að líta svo á að „at alle skal være lige rige i et Land, eller at det sletteste Folks Interesse skal befordres frem for de dueligste og beste Bønders.“¹¹ Þetta myndi

aldarinnar (tölvupóstur til höfundar dags. 23/7 2012). Fer vel á því þar sem þessar tilskipanir kölluðust á. Þegar tilraunir voru gerðar með að setja almenna landsagatilskipun, voru ákvæði um húsaga þar meðtalin.

⁹ Svör Ólafs Stefánssonar hafa verið birt á prenti í: *Landsnefndin 1770–1771*. I, bls. 168–287 (Lit II 20/3 1771 Lit. Q 10/2 1771, Lit. Z 1-2 23/2 1771, Lit. LL 6/4 1771, Lit. RR án dags. auk Pro Memoria 17/4 1771). Sjá einnig: Skjöl Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771, D3/3–D3/4. Hluti af Lit. Q hefur ekki verið prentað.

¹⁰ Ólafur vísar hér til viðhorfa Guðmundar Runólfssonar sýslumanns. Sjá einnig bréf Guðmundar sjálfs til Landsnefndarinnar fyrri: *Landsnefndin 1770–1771*. II. *Bréf frá nefndinni og svör sýslumanna*. Bergsteinn Jónsson sá um útg. Sögurit XXIX (Reykjavík 1961), bls. 89–90. (Underdanig giensvar paa Velædle og Velbyrdige Herrers Land Commissariers, Deres Trende Pro Memorier til Samtlige Sysselmændene næst afvigte Aar. Lit. II 2. 12/6 1771). Bergsteinn Jónsson bendir á í formála (bls. 49) að skrifum Guðmundar, að hann hafi skorið sig úr hópi annarra sýslumanna, m.a. vegna þess að hann var af meira alþýðufólki kominn en flestir hinna og það megi glöggst sjá af viðhorfum hans.

¹¹ *Landsnefndin 1770–1771*. I, bls. 268.

óhjákvæmilega leiða til landauðnar nema á örfáum stöðum; jarðir leggjast í eyði og engir verða til að manna bátana.¹²

Íslands fátæklingar

Eins og gefur að skilja voru „Íslands fátæklingar“ og „Íslands vesalingar“¹³, sem einnig komu saman bréfum til að senda Landsnefndinni fyrri, ekki á sama máli og amtmaðurinn um kjör almennings. Þeir töldu miklar álögur standa lífsbjörg sinni fyrir þrifum, ekki hvað síst eftir að fjárpestin reið yfir landið. Þeir röktu raunir sínar og armæðu fyrir nefndarmönnum og hvað þeir vildu fá aðstoð konungs við að færa til betri vegar. Hverjir beinlínis skrifuðu bréfin er hins vegar óljóst. Af skriftinni að dæma eru vanir menn á ferð og því að öllum líkindum eitthvað lærðir menn, en bréfin þrjú sem fjallað verður um hér eru hvert með sinni hendi. Ekki er við því að búast að alþýða manna hafi haft skriftarþekkingu á sínu valdi til að ganga frá bréfunum og því hugsanlegt að einhverjir þeim hliðhollir, hugsanlega prestur eða bóndi, hafi haldið um pennann.

Eitt bréfið er bæði ódagsett og óundirritað og er líklega skrifað á Norðurlandi, jafnvel í Húnavatnssýslu.¹⁴ Segir svo í bréfinu um þá sem kúgaðir eru:

Vegna þessa ásigkomulags, að þeir eru svo mjög undirþrykkir með margskonar tollum og tekjum, bæði yfirvalda, verdsligra jafnvel geistlegra, sömuleiðis embættismanna og ríkisalmúga, þá gefum vér yðar háeðlagöfugheitum til kynna þessa eftirfylgjandi pósta.¹⁵

Þeir gera grein fyrir álögum á sér í mörgum liðum, og eru þær margar hinar sömu og amtmaðurinn taldi yfirstéttina með engu móti getað verið án, sjálfri sér til upphalds. Meðal þess sem krafist er, er að gjaf tollur sem greiddur sé til sýslumanna verði afnuminn, sem og þeir tveir fiskar sem sýslumaður Snæfellsnessýslu taki af öllum útróðramönnum sem koma utan sýslu. Á þeim svæðum sem fjárpestin hefur riðið yfir óska þeir eftir að ljóstollur verði minnkaður og hann verði ekki meiri en svo að hann nægi til að lýsa kirkjurnar, en prestar og prófastar innheimti ljóstoll ótæpilega. Þeir vilja láta afnema heytollinn með öllu sem og dagsverk sem goldin séu

¹² Um 15 árum síðar, 1785, bauð Ólafur landsetum sínum að rýmka reglur um sjóróðra og að þeim væri þar gefinn möguleiki á að róa einnig fyrir sjálfa sig. Það var á svipuðum tíma og hann var í miklum deilum við landseta sína vegna meintrar kúgunar og ofríkis. Tveimur árum síðar varaði hann við hugmyndum um að breyta reglum um skipsáróðra og skyldur bænda. Sjá: Jón Sigurðsson, *Mikilbæfur höfðingi*, bls. 53–55, 84–85, 108–111.

¹³ Bréfin voru send með þessum undirskriftum, en ekki undirskrifuð með nöfnum. Af innihaldi þeirra má ráða um það bil hvaðan af landinu bréfin voru skrifuð. Þriðja bréfið var óundirritað, en þar var skrifað fyrir hönd vinnuhjúa.

¹⁴ Af bréfinu sjálfu má ráða að það er skrifað á Norðurlandi. Af samanburði á umfjöllunarefnum í þessu bréfi og þess sem sjá má í öðrum bréfum frá Húnavatnssýslu, telur Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir líklegt að bréfin megi líklega heimfæra á þá sýslu. Þakka ég henni fyrir þessa ábendingu.

¹⁵ *ÞÍ. Rtk. Skjöl Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771. D3/7–19. Lit. Ss. 2.* (óundirritað og ódagsett bréf). Stafsetning hefur verið samræmd.

prestum. Sýnist þeim að flestir prestar hafi nægjanleg efni sér til upphalds og þurfi ekki á þessum gjöldum að halda frá fátækum bændum. Verðmat á lélegum jörðum þurfi einnig að lækka, en margar hafi orðið fyrir miklum skaða af völdum skriðufalla, snjóflóða og sjógangs. Verðgildi danskrar krónu biðja þeir auðmjúklega um að verði athugað gagnvart innlendum landaaurum vegna innheimtu landskuldar, því þeir segja að sumir valdsmenn hafi ekki innheimt landskuldina eftir hefðbundu verðgildi og landskuldin því aukist fyrir fátækan almúga. Að lokum eru reifuð vandkvæði við að greiða landskuld í ull og þrjónlesi vegna fjárpestarinnar og rekja óréttlæti landeigenda gagnvart leiguliðum í því efni. Fátæklingar landsins geti ekki greitt allar þessar álögur lengur.¹⁶

Úr Gullbringusýslu kom bréf undirritað af „Íslands vesalingum“ dagsett í febrúar 1771. Þar var fjallað um aðra þætti en hjá Norðlendingunum hér að framan. Réttarfarið sé ekki réttlátt og sérstaklega var kvartað undan valdriðslu sýslumanna. Þeir bæði ákæri og dæmi og fátækir eigi litla möguleika gagnvart þeim. Grunur sé á að manntalsbækur séu ekki alls staðar löglegar og dómaraverk þeirra stundum vafasöm. Þetta mætti lagfæra með því að minnka völd sýslumanna. Næsta atriði sem þeir tóku til umfjöllunar er hvað konunglegar tilkynningar og náðarbréf skili sér illa til almennings. Oftast skilji fólk ekki tungumálið sem tilkynningarnar komi á og sé það þá háð sýslumönnum, sem kannski einungis kynni einstaka hluta þeirra fyrir fólk. Almúgamenn sem sækja um náðun frá konungi séu því alveg háðir sýslumönnum og betra væri að slík bréf væru send til presta. Prestar séu oftast hliðhollir almenningi en sýslumenn, sem fari oft fram með yfirgangi. Hreppstjórar fá einnig sína sneið og fyrirkomulag fátækra tíundar og fátækramála er ekki talið gott. Of mörgu fólk sé jafnað niður á fátæka bændur sem geri þá enn fátækari. Nær væri að stofna til „hospitals“ þar sem öreigar gætu búíð og greiða fyrir starfseminna með fátækra tíund og mannelidsskatti. Lausaganga fólks um sveitir sé slæm fyrirmynd fyrir ungdóminn, „hvar af kemur agg, reiði og illar fyrirbærir svo vel af húsbónda sem þénara.“ Allt sé þó ekki öðrum að kenna. Allir bændur verði að endurnýja tún sín og er lagt til að öllum sé gert að slétta tún, og „þeim aumustu“ lagt á herðar að slétta aðeins um 5–10 faðma árlega. Þeir fengu þá líka slétt tún á nokkrum árum. Fiskveiðar útlendinga eru einnig teknar til umfjöllunar, þær séu of miklar nálægt landi og við því þurfi að bregðast. Að lokum eru hin tíðu jarðaskipti fólks talin vera til mikils skaða fyrir landið og „ein stór orsök“ til þess hve ræktarleysi jarða sé mikið á landinu.¹⁷ Athyglisvert er í þessu bréfi hversu menn telja sig þrugaða af sýslumönnum og valdi þeirra. Ályktun þeirra er sú að helst sé vænlegt að halla sér að prestunum til stuðnings og kvartað yfir að menn geti ekki komist framhjá sýslumönnum þegar þeir vilja eiga samskipti við konung sinn.

¹⁶ *Dl. Rtk. Skjöl Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771. D3/7–19. Lit. Ss.2 (óundirritað og ódagsett bréf).*

¹⁷ *Dl. Rtk. Skjöl Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771. D3/7–19. Lit. Ss.1 (Íslands vesalingar, 12. febrúar 1771).*

Í öðru bréfi frá apríl sama ár, og sem líklega er skrifað á Suðvesturlandi, er fjallað um enn undirokaðri hópa en hjáleigumenn og fátæka bændur. Segir í bréfinu að:

vinnumenn, vinnukonur og uppvaxandi fólk, í einu orði þeir fátæku í landinu, sem stynja undir sínu grátlegu ástandi, sem þeir verða að þola af sínum húsbændum og öðrum þeirra yfirboðurum, inn senda þessa aumkunarlegu harmaraust.¹⁸

Þarna er að finna áhugaverðar lýsingar á kjörum þessa hóps, hvernig aðbúnaði var háttað, klæðum, launum, verkefnum og svefnstæðum, svo nokkuð sé nefnt. Vinnumenn séu oft „litt haldnir að fatnaði og þjónustu“, séu klæðlitlir og þurfi að búa við erfiðan aðbúnað, lítinn mat og lélegan.

Þar að auki mega menn kasta sér niður ofan á eina rekkjuvoð með hörðum staurum eður skógarviðarhrísi undir og mjög litlu af heyi ofan á, líka við sjósíðuna með marhálmi undir rekkjuvoðinni, sem hann má annað hvort kasta sér ofan í óuppbúið, eður sjálfur rífa upp þennan moð- eður marhálmsbálk, sem hann skal á hvílast...¹⁹

Morgunverði er einnig lýst, en hann gæti verið grauttur úr sjó og vatni og eilitlu af mjöli. Vinnukonur búi við svipaðan aðbúnað, en fái þó bæði minna kaup og minni mat. Þegar vinnumenn fari á sjó, sinni þær útiverkum vinnumannanna, auk vefnaðarins. Fátæk hjú reyni oft að ganga í hjónaband og sé það þeim oft erfitt ef þau eiga ekkert fyrir. Ef þau setjast að við sjávarsíðuna í tómthúsi eða hjáleigu, á maðurinn alla jafna að róa á báti húsbónda síns. Og „af því þeir aldrei mega mannlánsfrír vera, hafa þeir ei önnur úrræði en taka lán og auka skuld á skuld ofan, hvað sumir húsbændur láta sér ei til hjarta ganga.“ Reyni leiguliðinn svo að sinna jarðabótum, sé það unnið fyrir gýg, því hann missi gjarnan jörðina. Mannslán íþyngi við sjávarsíðuna og jarðarkúgildin til sveita. Í lokin er þó tekið fram að einnig séu til góðir húsbændur og eigi lýsingin ekki við þá. Einnig er fjallað um hóp fólks, sem afar litlar upplýsingar eru til um, en það eru fullorðin börn sem búa hjá fátækum foreldrum sínum. Þau búi við mikið reiduleysi, séu ekki undir húsaga og hafi lítið til að lifa af. Þau eyði oft bestu árum sínum í skömmum og ódyggðum og skapist af þeim ýmis vandræði í landinu.

Hinir fátæku séu einnig beittir órétti bæði hjá kaupmanni og hreppstjórum og hinir betur stæðu njóti hvarvetna forgangs. Hinir ríku versli fyrst hjá kaupmanni, kaupri bestu vöruna og

¹⁸ Þetta bréf hefur verið birt í tímaritinu Andvara: „Verkalýðsmál á Íslandi á ofanverðri 18. öld“, *Andvari. Tímarit Hins íslenska þjóðvinafélags*. 73 (1948), bls. 87–91. Sjá einnig frumbréfin: *DÍ. Rtk. Skjöl Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771*. D3/4–3. Lit. SS (Íslands fátæklingar, 16. apríl 1771).

¹⁹ „Verkalýðsmál á Íslandi á ofanverðri 18. öld“, bls. 88.

mörgum sinnum meira en þeir þurfi. Seinna selji þeir hinum fátæku vöruna á hærra verði. Hinir ríku verði því ríkari og hinir fátæku fátækari. Ekki sé heldur ljóst hvort hreppstjórar skili allri tíund sem fara á til fátækra á rétta staði og ekki sé vitað hvort reikningar séu gerðir og sendir yfirvöldum þar um.²⁰

Þessi stuttu dæmi úr textum landsnefndarskjalanna eru dregin hér fram til að sýna nokkrar hliðar á því hvers konar heimildir þær hafa að geyma. Bréfin öll þarf að skoða sem frásagnarheimildir og rýna í samhengi og trúverðugleika út frá þeirra samtíma. Afar fróðlegt er t.d. að sjá hér í þessum dæmum, bæði frá amtmanni, hjáleigubændum og vinnufólki hvernig lítið var á vinnukvaðir og mannlán og hvaða áhrif þær höfðu á afkomu og aðbúnað hvers hóps um sig. Viðhorfin eru grundvöllur frekari spurninga um samfélagsgerðina. Ótal fleiri efni eru gerð að umtalsefni í skjölum Landsnefndanna og skal nú vikið að skjalasafninu í víðara samhengi.

Skjalasöfn Landsnefndanna

Í raun er fjallað um allt milli himins og jarðar í skjölum Landsnefndarinnar fyrri. Hún var send í leiðangur frá Kaupmannahöfn til Íslands til að hitta háa sem lága, afhenda þeim spurningar, innheimta svör eða taka við þeim erindum sem menn vildu koma á framfæri við konunginn. Nefndarmennirnir voru þrír og ferðuðust um landið í eitt og hálf ár.

Fyrirfram ákveðin umfjöllunarefni voru fólksfjöldi, heilbrigðismál, fiskveiðar, verslun, kornrækt, landbúnaður, húsdýrahald, konungseignir, amtsskipan, varnir landsins, handverk, auðlindir í jörðu, samgöngur og launverslun.²¹ Þessum spurningum var fyrst og fremst beint til veraldlegra og andlega embættismanna, sýslumanna og presta. Nefndin fór víða um land til að auðvelda fólki að koma bréfum og sjónarmiðum á framfæri. Auk þess hvöttu nefndarmenn almenning til að tjá sig um það sem þeim þætti ástæða til. Þannig fjölluðu bréfin frá hinum fátæku Íslendingum sem að ofan voru rakin um þeirra eigin kjör og málefni sem þeim fannst æskilegt að skrifa um, en voru ekki svör við ákveðnum spurningum sem nefndin setti fram. Það var ekki alltaf sem slíkt tækifæri gafst til að koma skoðunum sínum á framfæri á hæstu stöðum. Harald Gustafsson hefur látið að því liggja að túlka megi för Landsnefndarinnar fyrri að einhverju leyti sem vantraust á sýslumenn á Íslandi. Þeir hafi einokað lýsingar á ástandi landsins, en með skipun

²⁰ „Verkalýðsmál á Íslandi á ofanverðri 18. öld“, bls. 87–91.

²¹ *Lövsamling for Island*. III, bls. 666–677. Sjá einnig fjallað um verkefni Landsnefndarinnar fyrri í: Bergsteinn Jónsson, „Inngangur“. *Landsnefndin 1770–1771*. I, bls. 7–21. – Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge – ämbetsmän, beslutsprocess och inflytande på 1700-talets Island* (Stockholm 1985), bls. 102–169. – *Nordatlanten og Troperne. Forvaltningshistoriske kilder fra Færoerne, Grønland, Island og Tropekolonierne*. Kilder til dansk forvaltningshistorie V. Red. Erik Nørr og Jesper Thomassen (København 2007), bls. 216–223.

Landsnefndarinnar hafi yfirvöld í Kaupmannahöfn viljað fá milliliðalausar lýsingar á hinum margvíslegustu málum sem snertu Ísland.²²

Árangurinn lét ekki á sér standa og varð raunin sú að gríðarlegur fjöldi bréfa barst nefndinni. Fjöldi nafna undir bréfunum eru mörg þúsund. Flest lengri bréfin og greinargerðirnar eru frá háembættismönnum, sýslumönnum og prestum, en meirihluti bréfanna er frá almenningi.²³ Fullyrða má að þetta sé einstakt safn heimilda þar sem rödd almennings heyrir. Þess ber þó að geta að öll bréfin eru frá körlum, engar konur sendu Landsnefndinni erindi um 1770. Hluti bréfanna frá almenningi er þó ekki undirritaður með nafni eða nöfnum, heldur eru bréfin skráð frá ákveðnum hópi manna. Einnig er nokkuð misjafnt eftir landshlutum hversu mörg bréf voru send inn og skýr tenging er á milli fjölda bréfa frá almenningi og þess hvar nefndarmenn fóru um. Fæst bréf komu frá Austfjörðum og Vestfjörðum.

Embættismenn og margir prestar og bændur sendu Landsnefndinni bréf undir eigin nafni. En það er ekki síður athyglisvert að mörg bréfanna (um sjötti hluti þeirra) eru undirrituð af hópi manna og ekki ólíklegt að stundum hafi verið samantekin ráð um að senda bréf. Það eru t.d. til bréf frá „Prestum og próföstum“ úr bæði Vestur-Skaftafellssýslu, Múlasýslu og Rangárvallasýslu. Einnig eru almenn bréf úr hreppum og sveitum, frá leiguliðum ákveðinna jarða eða konungseigna, hreppstjórum, starfsmönnum Innréttinganna, ábúendum, kotungum og hjáleigubændum auk þeirra sem kenna sig t.d. beint við Borgarfjörð, Fljótshlíð, Ölfushrepp eða aðrar sveitir.²⁴

Landsnefndin síðari safnaði almennari gögnum um ástandið í landinu en sú fyrri, bæði um starfstíma sinn en einnig um ástandið á síðari hluta 18. aldar. Nefndin átti að ljúka eldri málum sem þurftu enn úrlausnar við auk þess sem ný verkefni voru á hennar dagskrá. Gosið hafði í Lakagígum og fyrirhuguð var breyting á verslunarfyrirkomulaginu. Landsnefndin síðari var skipuð mörgum embættismönnum í Kaupmannahöfn sem höfðu með Íslandsmál að gera, auk fráfarandi og þáverandi stiftamtanna Íslands og Þorkeli Fjeldsted, sem einnig hafði verið í hinni fyrri.²⁵ Í erindisbréfi Landsnefndarinnar síðari segir að hún eigi að gera úttekt á öllu sem varðaði náttúruhamfarir, auk þess að taka til skoðunar:

²² Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, bls. 108–109.

²³ Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, bls. 116–117. – *DÍ*. Vinnugögn. Skjöl Landsnefndarinnar fyrir 1770–1771: Yfirlit yfir sendendur og fjölda bréfa.

²⁴ *DÍ*. Vinnugögn. Skjöl Landsnefndarinnar fyrir 1770–1771: Rafræn skrá yfir skjalasafn Landsnefndarinnar fyrir.

²⁵ *Lovsamling for Island*. V, bls. 118–120. Sjá einnig fjallað um verkefni Landsnefndarinnar síðari í: Sigfús Haukur Andrésson, *Verslunarsaga Íslands 1774–1807. Upphaf fríböndlunar og almenna bænarskránn*. I (Reykjavík 1988), bls. 317–320. Umfjöllun um Landsnefndina síðari í samhengi við stjórnslu þessa tímabils er í: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Viðbrögð stjórnvalda í Kaupmannahöfn við Skaftáreldum“. *Skaftáreldar 1783–1784. Rjúgerðir og heimildir*. Ritnefnd Gísli Ágúst Gunnlaugsson, Gylfi Már Guðbergsson, Sigurður Þórarinnsson, Sveinbjörn Rafnsson og Þorleifur Einarsson (Reykjavík 1984), bls. 187–214.

Alt hvad ved den i Aaret 1770 anordnede islandske Land-Commission er bleven bragt i Forslag, og siden videre ventileret, om en til Islands Opkomst og dens Indvaaneres Vilkaars Forbedring tjenlig Handels-Indretning og dennes Forberedelse og Understötning ved Fiskeriernes Udvidelse i de salte og ferske Vande, Fiskevirkningens Forbedring, Kornmalingsens, Fædriftens og Uldarbeidets, samt andre Manufacturers og Haandværks-Arbeiders med flere Næringsveies Befordring, Havnenes Undersögning, Communicationens bekvemmere Indretning imellem Landets fraliggende Steder og Distrikter, saavel som endelig den Deel af dets Politievæsen, der staaer i nöieste Sammenhæng med forberörte Punkter.²⁶

Verkefni nefndarinnar var því ærið og fleira tekið fyrir en þarna er upptalið.

Til er yfirlitsskrá yfir skjalasafn Landsnefndarinnar síðari í Þjóðskjalasafni sem Sigfús Haukur Andrésón tók saman. Þar eru skráðar fundargerðarbækur, bréfabækur, innkomin bréf og tillögur, efnisskrár bréfa auk lista yfir bréfauppköst. Efnisflokkar bréfanna í skránni eru 23 og spanna vítt svið þjóðlífsins á Íslandi. Auk málefna sem tengjast Landsnefndinni sjálfri og hennar gögnum, er fjallað um landshagi alla, stjórnun og veraldlega og geistlega embættismenn. Alþingi, embætti, landvarnir, landsagatilskipun, tugthúsið, skuldir og innheimta voru til skoðunar. Auk þess voru kirkjuleg yfirvöld til umfjöllunar, biskupsstólar, kirkjur, fátækramál, prentun, skólamál, samgöngu- og póstmál. Umfangsmikil skjöl lúta að verslunarfyrirkomulaginu, kaupstöðum og iðnaðarmálum. Á þessum tíma var mikið verið að velta fyrir sér mannfjölda og bæði er fjallað um manntöl og búfjártöl. Fólkið og búféð var grunnur búsetunnar. Eignafyrirkomulag jarða og sala Skálholtsjarða voru til athugunar, kvaðir og kúgildi og grunnstoðirnar landbúnaður og sjávarútvegur almennt voru mikilvæg viðfangsefni nefndarinnar. Að lokum ber að nefna náttúruhamfarir, en Skaftáreldarnir voru brýnt verkefni Landsnefndarinnar síðari.²⁷

Í skjalasafni Landsnefndarinnar síðari er mikið af bréfum, greinargerðum, úttektum og fundargerðum sem fjalla um aldarfjórðungstímabil í sögu Íslands, þótt nefndin sjálf hafi aðallega starfað á árunum 1785–1787. Skjölín í þessu skjalasafni hafa ekki verið gefin út.

Landsnefndin fyrri – uppskriftir og útgáfa

Skjalasafn Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771 er yfirgripsmikið; um 4100 handritaðar síður, innsend bréf og greinargerðir, instrúxar og fundargerðir og bréf nefndarinnar sjálfar. Safnið er mikið til skrifað á dönsku, en þó eru mörg bréf frá almenningi á íslensku og mörg þeirra eru

²⁶ *Lönsamling for Island.* V, bls. 126.

²⁷ *ÞÍ.* Landsnefndin síðari, fjölfölduð skrá.

einnig til í dönskum þýðingum. Ef talið er eftir fjölda bréfitara er helmingur innsendra bréfa og greinargerða skrifaður á íslensku. En sé litið til fjölda síðna, er aðeins tæp 15% safnsins á íslensku.²⁸ Flest skjölin í skjalasafninu eru innsend gögn frá Íslendingum og úrvinnsla Landsnefndarinnar fyrri úr þeim. Landsnefndin síðari safnaði meira af gögnum sjálf og lét útbúa greinargerðir og skýrslur. Minna er því um bréf frá landsmönnum sjálfum í hennar skjalasafni. Skjölin tilheyra skjalasafni Rentukammersins í Kaupmannahöfn. Þar var nefndin skipuð og þangað skiluðu nefndarmenn gögnunum ásamt úrvinnslu sinni og tillögum. Árið 1928 þegar skjalaskil voru ákveðin á milli Íslands og Danmerkur, voru þessi skjöl afhent Þjóðskjalasafni Íslands til varðveislu.²⁹

Um þessar mundir er verið er að vinna að uppskriftum á skjölum Landsnefndarinnar fyrri í Þjóðskjalasafni Íslands til undirbúnings fyrir vefbirtingu.³⁰ Áður hefur hluti skjalanna verið skrifaður upp í tengslum við ýmis verkefni og sumt hefur verið gefið út. Uppskriftir á skjölum Landsnefndarinnar fyrri til birtingar hafa staðið yfir með umtalsverðum hléum í meira en hálfa öld.

Þorkell Jóhannesson sagnfræðingur var fyrstur til að gefa út bréf úr safni Landsnefndarinnar fyrri. Það var eitt af ofangreindum bréfum frá „Íslands fátæklingum“ árið 1948. Hann bjó það bréf til prentunar og birti í tímaritinu *Andvara*.³¹ Um áratug síðar, á árunum 1958 og 1961, gaf Bergsteinn Jónsson út tveggja binda verk með hluta skjalanna á vegum Sögufélags. Þar er að finna um 18% af heildarskjalasafni Landsnefndarinnar fyrri. Efnislega er það hluti af skrifum háembættismanna og sýslumanna.³² Sögufélag tók upp þrjátíu afur mörgum árum síðar og hóf undirbúning að útgáfu þriðja bindisins, þar sem birta átti framhald á skjölum sýslumanna, lögmanna og varalögmanna. Skjölin liggja að mestu fyrir á rafrænu formi í það bindi, um 13% safnsins.³³ Samtals hefur Sögufélag því látið skrifa upp um þriðjung

²⁸ *DÍ. Vinnugögn. Skjöl Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771: Yfirlit yfir sendendur og fjölda bréfa.*

²⁹ Sigfús Haukur Andrésson, *Þjóðskjalasafn Íslands. Ágrip af sögu þess og yfirlit um heimildasöfn þar*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 1 (Reykjavík 1982, 2. útg.), bls. 36–40, 44–47.

³⁰ Uppskriftirnar eru unnar í tengslum við þriggja ára rannsóknarverkefni í sagnfræði sem undirrituð vinnur að og ber heitið „Þéttbýlishverfi og byggðamenning á Íslandi á árnýöld“. Verkefnið er fjármagnað af Rannís og Þjóðskjalasafni Íslands. Styrkur fékkst frá Rannís til uppskrifta á skjölum Landsnefndarinnar fyrri í tengslum við rannsóknina og vinnur Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir sagnfræðingur að þeim uppskriftum. Ritsstjórn og samlestur þessarar útgáfu er í höndum Hrefnu Róbertsdóttur og Jóhönnu Þ. Guðmundsdóttur.

³¹ „Verkalýðsmál á Íslandi á ofanverðri 18. öld“, bls. 87–91.

³² *Landsnefndin 1770–1771. I–II.*

³³ Helgi Skúli Kjartansson veitti upplýsingar um uppskriftir og útgáfuáform Sögufélags, auk þess sem upplýsingar liggja fyrir í skjalasafni Sögufélags. Arni Böðvarsson vann við uppskriftir á skjölum fram undir 1980. Már Jónsson kom til aðstoðar við uppskriftir sumarið 1980, en kom ekki frekar að verkinu. Einar G. Pétursson og Eiríkur Þormóðsson unnu um skeið við samanburð uppskrifta og frumrita. Árið 1985 fékk Sögufélag Helga Skúla Kjartansson til verksins og ákvað að gefa út þriðja og fjórða bindið sem þegar hafði verið hafinn undirbúningur að. Ekki var stefnt að heildarútgáfu skjalanna. Helgi hafði bætt nokkrum við uppskriftirnar þegar verkefnið var lagt til hliðar árið 1997. Vísindasjóður styrkti verkefnið nokkrum sinnum með framlögum, bæði upphaflegu útgáfuna um 1958–1961, sem og þá vinnu sem unnin var á níunda og tíunda áratugnum. *DÍ. Skjalasafn Sögufélags, DB/3-1.* Helgi Skúli Kjartansson, Greinargerð 2/9 1985; DB/5-1. Greinargerð með umsókn til Vísindasjóðs feb. 1980; Útgáfa á

landsnefndarskjalanna, þótt hluti sé enn óútgefinn og ósamlesinn. Ætlunin var að láta staðar numið við þessi völdu bréf.

Yfirgripsmikil greinargerð Skúla Magnússonar landfógeta, sem er um 330 síður í handriti, hefur ekki verið gefin út ennþá. Greinargerðin er hins vegar til uppskrifuð í handriti Arnheiðar Sigurðardóttur, en Lýður Björnsson sagnfræðingur hafði umsjón með uppskriftunni. Hún fjallar öll um Innréttungarnar, og er varnarrit Skúla fyrir iðnaðarstofnanirnar ásamt fjölda fylgiskjala. Á sínum tíma stóð til að gefa hana út í ritröð Sögufélags *Safn til sögu Reykjavíkur*³⁴ í samvinnu við Reykjavíkurborg, en af því varð ekki. Einnig kom til tals að gefa verkið út á vegum Félagsins Ingólfs í *Nýju safni til sögu Landnáms Ingólfs* á tíunda áratug síðustu aldar. Þau útgáfuáform urðu heldur ekki að veruleika.³⁵

Rúmur helmingur skjalasafns Landsnefndarinnar fyrri liggur enn fyrir óútgefinn. Þar er um að ræða mestöll gögn Landsnefndarinnar sjálfrar, fundargerðir og skýrslur, m.a. uppkast að landsagatilskipun og tillaga að frjálstri verslun og skoðanir ýmissa manna á þeim. Mikilvægur hluti skjalasafnsins eru bréf og greinargerðir frá almenningi og prestum sem enn liggur óútgefinn og verður gríðarlegur fengur að birtingu þess hluta.

Skjalasafn Landsnefndarinnar fyrri er því mjög stórt að vöxtum og áætla má að heildarútgáfa þess gæti orðið ríflega 3000 síður í prentaðri útgáfu, ef til þess kæmi og fjármögnun tækist. Hafist verður handa við vefútgáfu og er samvinna við Sögufélag um að birta einnig þau gögn sem skrifuð hafa verið upp á vegum félagsins og stefna að heildarútgáfu á því sem til er á einum stað. Ekki eru uppi áform um útgáfu á skjölum Landsnefndarinnar síðari að sinni, en skjalasafn hennar er ívið meira að vöxtum en safnið frá þeirri fyrri, eða um 4900 handritaðar síður. Skjöl úr þessu safni hafa ekki verið birt á prenti. Ef í útgáfu þessara skjala yrði ráðist, má áætla að það gætu orðið um 3600 síður. Svo það er nokkuð í land í þessu efni.

Útgáfa á uppskriftum á skjölum Landsnefndarinnar fyrri mun breyta aðgengi að þeim til muna. Bréfin verða lykluð með nafni bréfitara, starfi, búsetu og þeim málefnum sem rætt er um í hverju þeirra, auk þess sem textaleit verður möguleg. Uppskriftirnar verða gerðar aðgengilegar á vef Þjóðskjalasafnsins í rafrænni útgáfu ásamt ljósmyndum af skjölunum. Síðar verður hugað að því hvort æskilegt sé að birta gögnin einnig í prentaðri útgáfu. Gögnin munu verða náma fyrir alla þá sem hafa áhuga á 18. aldar samfélaginu á Íslandi og mikilvæg viðbót við heimildir eins og manntöl, búfjártöl og skýrslur ýmsar sem til eru frá þeirri öld. Hér er um að ræða hina

skjölum Landsnefndarinnar fyrri 1770-71, rannsóknaráætlun 1990; Afrit umsókna til Vísindasjóðs.

³⁴ Ritröðin heitir *Safn til sögu Reykjavíkur* og eru komin út sex bindi. Fyrstu tvö bindin voru heimilðaútgáfur sem Lýður Björnsson sá um útgáfu á: *Kaupstaður í hálfu öld 1786–1836* (Reykjavík 1968) og *Bajarstjórn í mótun 1836–1872* (Reykjavík 1971).

³⁵ Upplýsingar um útgáfuáform og eintak af uppskriftunum á álitserð Skúla Magnússonar eru fengnar frá Magnúsi Guðmundssyni sagnfræðingi.

persónulegu hlið, upplifun og skoðanir landsmanna sjálfra, margra hverra sem venjulega settu ekki skoðanir sínar á blað. Ekki síður eru skjölin heimild um stjórnslu Dana á Íslandi.

Nýting landsnefndarskjalanna í rannsóknum

Eins og gefur að skilja er gríðarlega mikið af áhugaverðu efni í landsnefndarskjölunum; bréf og greinargerðir sem lýsa ástandi, skoðunum, viðhorfum og rökræðum um breytingar. Til þessa hafa skjölin eitthvað verið nýtt í sagnfræðiverkum, bæði hin útgefna og þau óbirtu. Málefni sem helst hefur verið skrifað um eru verslun, landsagatilskipanir, jarðyrkja og Innréttingarnar, auk þess sem Magnús Ketilsson sýslumaður hefur vakið áhuga fræðimanna. Hér verður litið til nokkurra þessara verka sagnfræðinga til að varpa frekara ljósi á möguleika skjalanna til að veita innsýn inn í samfélagsgerð Íslands undir lok 18. aldar.

Þorkell Jóhannesson var einn sá fyrsti til að nýta sér skjöl Landsnefndarinnar fyrri í rannsóknum og fjallar um skrif séra Árna Þórarinssonar í riti sínu um sögu Búnaðarfélags Íslands.³⁶ Einn er sá sýslumaður sem hefur vakið áhuga margra, og það er Magnús Ketilsson sýslumaður Dalasýslu. Hann skrifaði langa álitgerð um margvísleg málefni. Helgi Skúli Kjartansson skrifaði upp hluta skjalsins og skrifaði um það þriðja stigs ritgerð í sagnfræði.³⁷ Magnús var afar lesinn maður og fróðlegt að sjá hugmyndaheim hans sem menntaðs sýslumanns speglast við búskap og afkomuraunir landsmanna undir lok 18. aldar.

Fyrirkomulag verslunarinnar á Íslandi er málefni sem sagnfræðingum hefur verið hugleikið. Gísli Gunnarsson skoðaði afstöðu embættismanna út frá útgefnum skjölum til utanríkisverslunarinnar en um það leyti voru hugmyndir uppi um endurskoðun hennar.³⁸ Harald Gustafsson, sem notaði skjöl Landsnefndarinnar allmikið í sinni doktorsritgerð, skoðaði verslunarmál ásamt fleiri málum út frá ferli við ákvarðanatöku í stjórnslu landsins.³⁹ Sigfús Haukur fjallaði sérstaklega um skrif til Landsnefndarinnar fyrri um hugmyndir um frjálsa verslun og setti í samhengi við umræðu um verslunarmál innanlands og utan á þeim tíma.⁴⁰ Það voru helst embættismenn sem tjáðu sig um verslunarfyrrkomulagið. Almennigur skrifaði hins vegar meira um verslunarhættina og árekstra við kaupmenn í þeirra eigin verslun. Björn Rúnar Guðmundsson hefur skrifað um þessi viðhorf til kaupmanna á tímum Almenna verslunarfélagsins.⁴¹

³⁶ Þorkell Jóhannesson, *Búnaðarfélag Íslands. Aldarminning. I. Búnaðarsamtök á Íslandi 1837-1937* (Reykjavík 1937), bls. 65–66.

³⁷ *Lbs.-Hbs.* Helgi Skúli Kjartansson, „Om jordegodset“, kafli úr álitgerð Magnúsar Ketilssonar sýslumanns í Dalasýslu til Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771. Uppskrift með skýringum og athugasemdum. Lokaritgerð (3. stig) í sagnfræði. Háskóli Íslands 1970.

³⁸ Gísli Gunnarsson, *Upp er búið Ísaland. Einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602–1787* (Reykjavík 1987), bls. 233–242.

³⁹ Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, bls. 125–131.

⁴⁰ Sigfús Haukur Andrésson, *Verzlunarsaga Íslands 1774–1807. I*, bls. 32–41.

⁴¹ *Lbs.-Hbs.* Björn Rúnar Guðmundsson, *Tengsl kaupmanna Almenna verslunarfélagsins og Íslendinga 1763–1774. BA ritgerð í sagnfræði.* Háskóli Íslands 2009.

Tillögur að nýrri landsagatilskipun fyrir Ísland voru settar saman í tengslum við vinnu Landsnefndarinnar fyrri. Þorkell Fjeldsted, einn nefndarmannanna, skrifaði drög að henni. Harald Gustafsson hefur fjallað um skoðanir samtímamanna á henni og velt fyrir sér ástæðum þess að ekki tókst að taka hana í gildi.⁴² Helga Hlín Bjarnadóttir hefur unnið að uppskriftum á nokkrum skjölum tengdum landsagatilskipuninni og unnið greinargerð um þær.⁴³

Eignarhald á jörðum og réttindi leiguliða, fjárpestin og málefni sem almenningur hafði áhuga á að koma á framfæri utan hinna formlegu athugunarefna eru einnig málefni sem Harald Gustafsson hefur rannsakað. Almennigur hafði mestar áhyggjur af ábúðarmálum jarða, sköttum og gjöldum, húsaga og fátækramálum og hlutverki hreppstjóra.⁴⁴ Slík efni voru einnig fyrirferðamikil í álitsgerð Einars Magnússonar umboðsmanns Miðfjarðarjarða, en Hlynur Þór Magnússon skrifaði sagnfræðiritgerð um álitsgerð hans.⁴⁵

Aukin jarðyrkja var ein af nýjungunum sem breyta átti grundvelli búskapar á síðari hluta 18. aldar og voru gerðar tilraunir til að efla bæði akuryrkju og garðrækt. Nokkrar lokaritgerðir í sagnfræði hafa verið skrifaðar sem nýta skjöl úr safni Landsnefndarinnar til að varpa ljósi á stöðu ræktunar og jarðyrkju út frá ýmsum sjónarhornum. Krístrún Auður Ólafsdóttir skrifaði um viðreisn jarðyrkju á tímabilinu 1750–1780⁴⁶ og Fanney Hólmfríður Kristjánsdóttir um viðhorf, hlutverk og áhrif presta í eflingu jarðyrkjunnar á tímabilinu 1754–1764 með áherslu á prestana í Görðum á Álftanesi.⁴⁷ Nýleg rannsókn Jóhönnu Þ. Guðmundsdóttur á þróun garðyrkju á síðari hluta 18. aldar á landinu öllu, nýtir einnig landsnefndarskjöl til að skoða viðhorf og viðbrögð almennings við nýjungum stjórnvalda á þessu sviði.⁴⁸

Einn af póstum sem Landsnefndin átti að kanna sérstaklega voru Innréttungarnar og handverkisvinnsla á landinu. Undirrituð hefur skoðað skrif landsmanna um það efni, m.a. út frá viðhorfum landsmanna til þeirra; hverjir voru fylgjandi og hverjir andvígir handiðnaðinum og af hvaða orsökum. Einnig hef ég notað skjölin sem heimildir um stöðu handverkisvinnslunnar víða um land.⁴⁹ Annar þáttur Innréttungastarfseminnar var brennisteinsvinnsla og hefur Jóhanna Þ.

⁴² Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, bls. 149–161.

⁴³ *DÍ.* Helga Hlín Bjarnadóttir, Ísland 1770. Lögreglutilskipanir og félagslegur rammi samfélagsins. Nýsköpunarsjóður námsmanna. Rannís 2011. Ítarlegri grein og frekari úrvinnsla þessa verkefnis til birtingar er í vinnslu.

⁴⁴ Gustafsson, *Mellan kung och allmoge*, bls. 131–149, 170–183.

⁴⁵ *Lbs.-Hbs.* Hlynur Þór Magnússon, Álitsgerð Einars Magnússonar, umboðsmanns konungsjarða í Miðfirði, til fyrri landsnefndarinnar. Lokaritgerð (3. stig) í sagnfræði. Háskóli Íslands 1971.

⁴⁶ *Lbs.-Hbs.* Krístrún Auður Ólafsdóttir, „Vedvarende omhyggelighed og flid for Iislands bedste“. Viðreisn jarðyrkju á Íslandi 1750–1780. BA ritgerð í sagnfræði. Háskóli Íslands 1997.

⁴⁷ *Lbs.-Hbs.* Fanney Hólmfríður Kristjánsdóttir, Af Guðsmönnum og grænum fingrum. Prestar í viðreisn jarðyrkjunnar á Íslandi 1754–1764. Viðhorf, hlutverk og áhrif. BA ritgerð í sagnfræði. Háskóli Íslands 2010.

⁴⁸ *Lbs.-Hbs.* Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, „Ætli menn þyrftu ekki að byrja á að bæta smekk sinn?“ Viðreisn garðræktar á síðari hluta 18. aldar. MA ritgerð í sagnfræði. Háskóli Íslands 2012. Grein til útgáfu byggð á helstu niðurstöðum þessarar ritgerðar er í vinnslu.

⁴⁹ Hrefna Róbertsdóttir, *Landsins forbetran. Innréttungarnar og verkþekking í ullarvefsmiðjum átjándu aldar.* Sagnfræðirannsóknir – Studia Historica 16 (Reykjavík 2001), bls. 200–212. Sjá einnig: Hrefna Róbertsdóttir, *Wool and*

Guðmundsdóttir skrifað um gæði framleiðslunnar og viðhorf sem komu fram um hana, m.a. í skjölum Landsnefndarinnar.⁵⁰

Þótt mörgu hafi verið sinnt eru möguleikar til að nýta landsnefndarskjölin til frekari rannsókna miklir. Bréf og greinargerðir embættismanna hafa til þessa verið aðgengilegri en það sem frá almenningi kom, en bráðlega verður unnin bragarbót þar á.

Að lokum

Vorið 1770 kom Landsnefndin fyrri með vorskipum til Íslands, skipuð þremur mönnum og ritara. Hún skyldi kanna landshagi, viðhorf og sjónarmið hárra sem lágra á Íslandi til fjölmargra þátta í íslenskum samtíma. Leitast var við að ná bæði til embættismanna og almennings. Fimmtán árum síðar, árið 1785, tók Landsnefndin síðari við. Hún starfaði í Kaupmannahöfn og var skipuð fjölda embættismanna. Hún tók á þeim málum sem sú fyrri hafði ekki lokið auk fleiri verkefna. Skjalasöfn þessara Landsnefnda, sem varðveitt eru á Þjóðskjalasafni Íslands, eru mikil að vöxtum, um 9000 handritaðar síður. Hluti skjala Landsnefndarinnar fyrri hefur verið gefinn út, en ekki gögn þeirrar síðari. Um 1960 stóð Sögufélag fyrir útgáfu á hluta af skjölum Landsnefndarinnar fyrri í tveimur bindum og liggur fyrir óútgefið efni í það þriðja. Það voru aðallega skrif frá embættismönnum. Uppskriftir eru langt komnar á skjölum almennings og undirbúningur hafinn fyrir vefútgáfu þeirra. Til að sýna breiddina í gögnum nefndarinnar voru tekin dæmi af sjónarmiðum amtmanns landsins og sjónarmiðum fátækra landsmanna, m.a. til mannlána og álagna og hvaða máli fyrirkomulag þeirra skipti fyrir hvorn hóp um sig. Einstakt er að hafa svo góðan aðgang að sjónarmiðum almennings fyrir þetta tímabil. Fræðimenn hafa nýtt sér landsnefndarskjölin í nokkru mæli í sagnfræðiverkum og þá m.a. sem heimildir um viðhorf, sem efnislegar upplýsingar um ákveðin málefni, samanburð milli landshluta eða félagshópa. Ljóst er þó að það eru enn gríðarlega miklir ónýttir möguleikar fyrir sagnfræðinga í tengslum við landsnefndarskjölin og hvaða sögu þau geta sagt af samfélagi 18. aldar.

Society. Manufacturing Policy, Economic Thought and Local Production in 18th-century Iceland. Centrum för Danmarksstudier 21 (Gothenburg & Stockholm 2008), bls. 24–33, 205–222.

⁵⁰ Vef. <http://vefnir.is/> Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, „Brennisteinsvinnsla í tíð Innréttinganna. Kvartanir og tillögur til úrbóta“. *Vefnir 8. Tímarit Félags um átjándu aldar fræði* (2008), bls. 1–23.